

Samstarf endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og stjórnar Faxaflóahafna sf.

Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkti á fundi sínum 12. desember 2014 að fela endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hlutverk endurskoðunarnefndar félagsins.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt samþykkt nefndarinnar sem afgreidd var á fundi borgarráðs Reykjavíkurborgar þann 10. júlí 2014 og gildir sú samþykkt einnig gagnvart stjórn Faxaflóahafna sf. Helstu verkefni nefndarinnar eru:

1. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
2. að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og
3. að hafa eftirlit með ytri endurskoðun.

Jafnframt ber nefndinni að gæta að óhæði ytri endurskoðenda og setja fram tillögu til stjórnar um ráðningu ytri og innri endurskoðenda.

Nefndin hefur sett sér starfsreglur til þess að vinna að þeim verkefnum sem kveðið er á um í samþykkt hennar og munu þær gilda um störf nefndarinnar fyrir stjórn Faxaflóahafna sf. eftir því sem við getur átt. Starfsreglurnar eru afhentar stjórnarformanni til kynningar fyrir stjórn.

Nefndin telst undirnefnd stjórnar Faxaflóahafna sf. þegar til umfjöllunar kemur um málefni tengd félaginu og sinnir ofangreindu eftirlitshlutverki með fjárhagsupplýsingum í samræmi við það. Nefndin mun upplýsa stjórn um málefni sem hún fjallar um og varða félagið og óska eftir viðveru fulltrúa stjórnar á fundi nefndarinnar eftir því sem nefndin telur ástæðu til.

Með hliðsjón af því hlutverki endurskoðunarnefndar að koma með tillögu til stjórnar um innri endurskoðanda mun nefndin leggja fram tillögu til stjórnar og vera til aðstoðar um fyrirkomulag innri endurskoðunar.

Nefndin mun veita stjórn Faxaflóahafna sf. umsögn um ofangreind eftirlitsstörf í tengslum við ársreikning og árshlutareikninga félagsins. Nefndin mun upplýsa stjórn um mikilvæg atriði sem fram koma í störfum hennar eins fljótt og kostur er og gefa stjórn félagsins skýrslu um störf sín við framlagningu ársreiknings. Gert er ráð fyrir að stjórn og stjórnendur Faxaflóahafna sf. veiti nefndinni upplýsingar um málefni sem geta varðað störf nefndarinnar að eigin frumkvæði eða ef eftir því er leitað.


Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og stjórn Faxaflóahafna sf. eru sammála um það fyrirkomulag sem fram kemur hér að ofan og staðfesta um leið að fullkominn trúnaður ríkir um öll samskipti milli aðila.

Reykjavík, 26. október 2015

f.h. endurskoðunarnefndar

Ólafur Kristinsson

f.h. stjórnar Faxaflóahafna sf.


Kristín Soffía Jónsdóttir